

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðaukum III A og IV A, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verðtolla á grunntaxta:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %
<b>Tollskrárnúmer:</b>		<b>86.000</b>	
<b>Kjötvörur úr vörulið 1602:</b>			
1602.1001 Blönduð matvara með meira en 60% af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	114,6
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.09- 30.06.10	-	114,6
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.09- 30.06.10	-	127,0
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.09- 30.06.10	-	127,0
1602.2019 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	127,0
1602.2021 Annað, meira en 60% af d. lifur	01.07.09- 30.06.10	-	127,0
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.09- 30.06.10	-	127,0
1602.2029 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	127,0
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3109 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3209 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.3909 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	159,0
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4109 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4209 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.4909 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.09- 30.06.10	-	114,6
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	114,6
1602.5009 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	114,6
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.9019 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.09- 30.06.10	-	172,2
1602.9029 Annað	01.07.09- 30.06.10	-	172,2

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2009.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Norðmann.*